

Blíður leitar Amor ljúfra söngva: Um Mímnermos

Um ævi forngríska skáldsins Mímnermosar er margt á huldu. Talið er að hann hafi fæðst á fyrri hluta 7. aldar fyrir okkar tímatal. Fornmenn vissu ekki sjálfir hvaðan hann var og eru þrjár borgir tilgreindar í heimildum sem fæðingarstaður hans en þær eru Kólofon, Smyrna og Astýpalaja (Fornaborg). Telja fræðimenn nú um mundir víst að hann hafi verið frá Smyrnu.

Smyrna átti í útistöðum við Lýdíumenn á 7. öld og virðist Mímnermos hafa í kvæðum sínum hvatt sitt fólk til dáða en jafnframt harmað að það hafi þurft undan að láta. Alýattes konungur í Lýdíu sat um borgina og lagði hana í rúst og bar hún ekki barr sitt eftir það. Frægari var þó Mímnermos fyrir ástarkvæði sín en tæpum sex öldum eftir hans dag bar rómverska skáldið Sextus Propertius (ca. 50–15 f.o.t.) hann saman við Hómer og sagði *plus in amore valet Mimnermi versus Homero; / carmina mansuetus lenia quaerit Amor* (I.9.9–10) eða „í ástinni er lína Mímnermosar Hómeri sterkari; / blíður leitar Amor ljúfra söngva“. Samtímamaður Propertiusar, skáldið Quintus Horatius Flaccus (65–8 f.o.t.), hafði Mímnermos einnig í metum sem höfund ástarkvæða og hafandi borið sjálfan sig saman við gríska skáldið Alkajos og Propertius við Kallímakkos bætti hann um betur og lagði til að Propertius mætti jafnvel kalla sig Mímnermos (*Epist.* II.2.100–102).

Kvæði Mímnermosar voru samin undir elegískum hætti (eða tregalagi) og eru meira og minna á sama skáldamáli og kvæði Hómers. Þau virðast annaðhvort hafa verið samin eða tekin saman í tvær bækur sem báru titlana *Smyrneis* eða *Smyrnukvæði* annars vegar

og hins vegar *Nanno*, en skáldið *Hermesianax* frá Kólofon (4. öld f.o.t.) upplýsir að *Nanno* hafi verið flautuleikari og ástkona skáldsins. Varðveitt brot bera aftur á móti engan vott um persónuleg ástar-kvæði en af þeim er ljóst að í kvæðum skáldsins kenndi ýmissa grasa.